

15. janúar 2021.

## Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

**Knattspyrnufélagið Fram**

**gegn**

**Knattspyrnusambandi Íslands**

Með bréfi dagsettu 15. desember 2020 krafðist áfrýjandi, Knattspyrnufélagið Fram að dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ frá 9. desember sl. um að vísa frá máli félagsins gegn stefnda, Knattspyrnusambandi Íslands yrði felld úr gildi. Mál þetta var dómtekið 11. janúar sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Samkvæmt lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSÍ, telst sérsamband heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til viðkomandi sérsamband hefur tekið upp eigið dómstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi sem staðfest er af ÍSÍ. Dómstólar þeirra sérsambanda sem taka upp eigið dómstólakerfi lúta dómstólareglum viðkomandi sérsambands og skulu öll ágreiningsmál er varða þá íþróttagrein rekin fyrir viðkomandi sérsambandi. Lög ÍSÍ um dómstólaskipan skulu þó vera þeim reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt samanber ákvæði 20.1. í lögum ÍSÍ.

Samkvæmt ákvæði 33.2. í lögum ÍSÍ verður málum sérsambanda sem hafa ákveðið að hafa sérstaka dómstóla ekki skotið til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóla sérsambanda sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

Knattspyrnusamband Íslands, skammstafað KSÍ, er sérsamband innan ÍSÍ sem hefur tekið upp eigið dómstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi. Í því felst að öllum ágreiningsmálum sem varða aðildarfélög KSÍ skal lokið fyrir dómstólum KSÍ. Innan KSÍ starfar sérstök aga- og úrskurðarnefnd sem hefur fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda KSÍ, sbr. VII. kafli laga KSÍ og ákvæði 3.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í X. kafli laga KSÍ er fjallað um Áfrýjunardómstól KSÍ sem tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar. Samkvæmt ákvæði 38.2. í lögum KSÍ kemur fram að ákvarðanir Áfrýjunardómstóls KSÍ séu endanlegar og bindandi fyrir málsaðila, að öðru leyti en því að heimilt er að áfrýja til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Áfrýjandi byggir á því að mál þeirra gegn stjórn KSÍ nr. 3/2020 sé þess eðlis að það varði íþróttahreyfinguna í heild sinni og falli því undir valdsvið Áfrýjunardómstóls ÍSÍ enda hafi lög KSÍ verið staðfest af ÍSÍ.

Áfrýjandi krafðist þess fyrir dómstólum KSÍ að ógilt yrði sú ákvörðun stjórnar KSÍ, föstudaginn 30. október 2020 að íþróttafélagið Leiknir hljóti sæti í úrvalsdeild karla leiktímabilið 2021/2022. Þá var þess krafist að viðurkennt yrði með dómi að knattspyrnulið Knattspyrnufélagsins Fram og knattspyrnulið Íþróttafélagsins Leiknis séu jafnstæð við lokaniðurröðun 1. deildar karla samkvæmt reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19) sem sett var 17. júlí 2020.

Með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 16. nóvember 2020 var málinu vísað frá með vísan til þess að ákvarðanir sem teknar eru af stjórn KSÍ sæti ekki kærur til aga- og úrskurðarnefndar nema sérstök heimild liggi til þess í lögum eða reglugerðum KSÍ. Með dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ þann 20. nóvember 2020 var úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ felldur úr gildi og málinu vísað til efnismeðferðar. Með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 25. nóvember 2020 var kröfum kæranda hafnað. Með dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ þann 9. desember 2020 var málinu vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ með vísan til þess að áfrýjandi hefði uppi kröfur sem væri ætlað að vera bindandi fyrir knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Leiknis. Þrátt fyrir það væri málsókninni ekki beint að þeim og þeim því ekki gefinn kostur til að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins. Þessum dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ frá 9. desember 2020 hefur áfrýjandi áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ með bréfi 15. desember 2020.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið eru kæruleiðir til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ takmarkaðar, enda meginreglan sú að áreiningsmálum ljúki hjá aðildarfélögum, sem hafa kosið að hafa eigið dómstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi. Frá þessu kunna að vera undantekningar eins og þær sem koma fram í ákvæði 38.2. í lögum KSÍ og lúta að heimild til að áfrýja til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Aðgangur að dómstólum innan sérssambanda og óeðlilegar eða verulegar hindranir einstakra aðildarfélaga til að fá skorið úr um úrlausn sinna mála kann að falla undir mál sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni. Einkum gæti þetta komið til greina þegar settar eru slíkar aðgangshindranir, í lögum eða úrskurðum einstakra sérssambanda, að það sé í raun ekki sanngjart eða raunhæft að leita úrlausnar þeirra.

Í reglugerð KSÍ um Áfrýjunardómstól KSÍ, sbr. ákvæði 8.3., er vísað til málsmeðferðarreglna í II. kafla í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og kveðið á um að þau gildi um Áfrýjunardómstól KSÍ eftir því sem við getur átt. Samkvæmt ákvæði 8.3. í þeim reglum segir að sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hafi kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bætta kærur til nefndarinnar. Frestur byrji að liða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skuli ekki taldir með. Þrátt fyrir þetta ákvæði fór áfrýjandi þá leið að áfrýja dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ beint til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í stað þess að leggja fram kærur að nýju fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Áfrýjandi tæmdi þar með ekki þau úrræði sem honum stóðu til boða innan sérssambandsins, enda þótt réttur hans til að höfða mál að nýju væri tryggður í þeim reglum sem þar gilda. Óháð réttmæti þess að Áfrýjunardómstóll KSÍ ákvað að vísa málinu frá með vísan til þess að áfrýjanda hafi borið, a.m.k. eins og kröfugerð var háttað, að beina málinu að Íþróttafélaginu Leikni, í stað þess að nýta heimild dómstólsins, samkvæmt ákvæði 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, til að kalla eftir athugasemdum frá þeim sem málið gæti varðað, svo og hvort betur hefði farið á því að Áfrýjunardómstóll KSÍ hefði fjallað um það strax í dómi sínum í máli nr. 1/2020 hvort formgallar væru á kærur áfrýjanda, þá verður ekki talið að þessir þættir séu þess eðlis, eða feli í sér slíkar aðgangshindranir að þeir geti orðið tilefni til aðkomu Áfrýjunardómstóls ÍSÍ með vísan til heimildar er snýr að almennu gildi málsins fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Verður því að fallast á kröfu stefnda og vísa máli þessu frá dómi.

Dómsorð.


Máli þessu er vísað frá dómi.



Helgi Sigurðsson



Helga M. Óttarsdóttir



Hulda Árnadóttir.